

## Umsóknareyðublað – Starfsleyfi fyrir urðunarstað

Samanber 13. gr. reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs og 10. gr. reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

*Nafn og kennitala umsækjanda:*

SORPA bs.

Gylfaflöt 5

112 Reykjavík.

Kt. 510588-1189

Tengiliðir:      Björn Halldórsson, framkvæmdastjóri      bjorn.halldorsson@sorpa.is  
                      Bjarni G.P. Hjarðar, yfirverkfræðingur      bjarni.hjardar@sorpa.is

*Staðsetning urðunarstaðar:*

Álfssnes, 116 Reykjavík.

Yfirlitsmynd af urðunarstaðnum ásamt teikningu með útlínum og hæðarlegu fylgja.

*Tegundir úrgangs sem taka á við (sbr. flokkun í reglugerð nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang):*

- Allur úrgangur sem hefur verið meðhöndlaður og flokkast ekki sem spilliefni skv. reglugerð 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang.
- Stöðug óvirk spilliefni sem fullnægja viðmiðunum um móttöku sem settar eru í viðauka við reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs.
- Í starfsleyfi þurfa að vera ákvæði um urðun á asbesti og gifsi og um neyðarurðun.
- Veita þarf heimild til frekari vinnslu úrgangs sbr. eftirfarandi grein úr nágildandi starfsleyfi:

Heimilt er í samráði við eftirlitsaðila og Umhverfisstofnun að gera tilraunir á urðunarsvæðinu með frekari meðhöndlun á flokkuðum lífrænum úrgangi til jarðvegs- og hauggasmyndunar, t.d. lífrænum heimilis- eða eldhúsúrgangi, seyru, salernisúrgangi og húsdýrataði, sem og tilraunir á urðunarsvæðinu með úrvinnslu, meðhöndlun og endurvinnslu á öðrum úrgangi s.s. rafeindabúnaði, plasti, timbri og fleira þess háttar.

*Magn úrgangs sem taka á við á ári (í tonnum):*

Urðun á allt að 120.000 tonnum á ári.



*Áætluð heildarmóttökugeta urðunarstaðarins:*

Í árslok 2011 var búið að urða 1.869.668 tonn af úrgangi í Álfnesi. Áætlanir gera ráð fyrir að heildarmagn urðunar frá 2012 til 2028 geti numið frá 1,4 til 1,8 milljónum tonna. Móttökugeta urðunarstaðarins er áætluð um 1,7-3,0 milljónir tonna eftir efnisnámi í reinum 15-20. Móttökugetan er því meiri en áætlað magn urðunar á árunum 2012-2028.

*Áætlaður rekstrartími urðunarstaðarins:*

Urðunarstaður hefur verið rekinn í Álfnesi síðan 1991 eða í 21 ár. Starfsleyfi var fyrst gefið út 26.04.1991. Nú er sótt um endurnýjun starfsleyfis til 16 ára eða til ársloka 2028.

*Ef sótt er um undanþágur skv. kafla VI í reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs þarf að tiltaka það hér og skal rökstuðningur fylgja umsókninni:*

Sótt er um áframhaldandi undanþágu undan kröfum um botnþéttingu sem settar eru í tl. 3.2 og 3.3 í viðauka 1 við reglugerð 738/2003. Undanþága hefur þegar fengist fyrir reinar 12 og 13 á urðunarstaðnum sbr. meðfylgjandi greinargerð. Undanþágan er í samræmi við „Vejleder om miljöriskovurdering av bunntetting og oppsamling av sigevann ved deponier.“ SFT, TA-1995/2003. Upplýsingar, sem fylgdu fyrri umsókn hafa verið uppfærðar og fylgja í meðfylgjandi greinargerð ásamt mælingum á grunnvatni úr nýjum borholum.

*Aðrar upplýsingar sem umsækjandi vill koma á framfæri:*

Upplýsingar um starfsemi SORPU bs á urðunarstaðnum í Álfnesi eru í meðfylgjandi greinargerð.

  
Björn Þórsson  
Sjáður og dagsetning

  
pr.pr. SORPA b.s.  
Björn Þórsson  
Undirritað f.h. umsækjanda

*Fylgiskjöl:*

Greinargerð vegna umsóknar um endurnýjun starfsleyfis í Álfnesi ásamt fylgiskjölum með henni.